

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 7. okt. 2014 á Kjóavöllum.

16. fundur

Fundur hófst kl. 17:30

Mættir:, Linda Gunnlaugsdóttir, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálisdótti, Hermann Vilmundarson, Lárus Finnbogason og Hannes Hjartarson. Sigurður Halldórsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður. Rætt um frágang á kerrustæðum og uppsetningu á stæðum fyrir heygemymslúsvæði sem þarf að ganga frá í samráði við Kópavogsbæ.
3. Framkvæmdastjóri gerði grein verkefnum sínum og stöðu þeirra. Farið yfir stöðu á beitarhólfum og upplýsingar um óleyfileg beitarhólf sem þarf að fjarlægja. Einnig rætt almennt um umgengni og annað á svæðinu en skerpa þarf á þeim málum reglubundið og í samráði við bæjarfélögin.
4. Gjaldkeri gerði grein fyrir stöðu fjármála.
5. Formaður gerði grein fyrir fyrirkomulagi varðandi þátttöku okkar fulltrúa á LH þinginu.
6. Íþróttamaður Sprettis – efnilegustu ungknarar. Setja þarf inn auglýsingu á heimasíðu Sprettis varðandi val á íþróttamanni/konu ársins og efnilegustu ungknöpum félagsins. Fyrirkomulagið við valið er kynnt í auglýsingunni en félagsmenn þurfa m.a. að skila inn upplýsingum um árangur í keppni fyrir 15. nóvember nk.
7. Umsókn um rekstrarleyfi; Nú eru öll skjöl tilbúin og hafa verið send inn vegna afgreiðslu á ótímabundnu rekstrarleyfi fyrir veislusal Sprettshallarinnar.
8. Fræðslumál og námskeið. Tekin fyrir umræða frá síðasta fundi stjórnar í tengslum við tillögu Hannesar varðandi ákveðna leið til að halda utan um reiðnámskeið félagsins. Ákveðið að fresta breytingum á núverandi fyrirkomulagi. Fræðslunefndin hefur þegar skilað inn dagskrá yfir námskeið og fræðslufundi fyrir veturinn. Um er að ræða mjög svo fjölbreytta dagskrá þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.
9. Stefnumótun stjórnar. Ákveðið að haldinn verði sérstakur stefnumótunarfundur stjórnar nk. þriðjudag 14. okt. kl. 17:30
10. Önnur mál. Linda og Maggi gerðu grein fyrir hugmynd sinni að Áhugamannadeild Sprettis að fyrirmynd Meistaradeildarinnar. Samþykkt að fela framkv.stjóra undirbúning við skipulagningu á mótariðinni.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir